

### **37. fundur skólaráðs og umbótanefndar Grunnskóla Fjallabyggðar**

**Fundurinn haldinn 8. apríl 2016 kl. 11:00 við Norðurgötu**

Mættir: Hrönn Hafþórsdóttir foreldrafulltrúi, Arnheiður Jónsdóttir fulltrúi kennara, Guðjón Fannar Magnússon fulltrúi nemenda, Elísabet Alla Rúnarsdóttir fulltrúi nemenda, Helgi Fannar Jónsson fulltrúi nemenda, Ásdís Ósk Gísladóttir fulltrúi nemenda, Sigríður Ása Guðmarsdóttir fulltrúi nemenda og Jónína Magnúsdóttir skólastjóri sem stýrði fundi.

#### **1. Umbótaáætlun í kjölfar ytra mats:**

Farið var yfir umbótaáætlun sem unnin hefur verið í kjölfar ytra mats. En í október 2015 gerðu starfsmenn Menntamálastofnunar úttekt á starfsemi Grunnskóla Fjallabyggðar. Markmið úttektarinnar var að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum og reglugerðum um grunnskóla og aðalnámskrá. Í skýrslu úttektaraðila koma fram fjölmargar ábendingar um styrkleika skólans sem og tillögur til umbóta. Skólastjórnendur hafa kynnt sér og flestum þeim sem málið varðar innihald skýrslunnar.

Eftir að innihald skýrslunnar hafði verið kynnt hagsmunaaðilum tók við vinna við umbótaáætlun, þ.e. með hvaða hætti og hvenær skyldi brugðist við þeim tillögum og ábendingum sem fram komu í skýrslunni. Ákveðið var að skipa umbótanefnd sem í áttu sæti fulltrúar foreldra, starfsmanna, kennara og stjórnenda. Þessari nefnd var ætlað að taka þátt í og fylgjast með gerð umbótaáætlunar.

Umbótanefndina skipa auk stjórnenda skólans þær Katrín Freysdóttir og Aðalheiður Sigurjónsdóttir fyrir hönd foreldra, Guðný Róbertsdóttir og Sigurbjörg Bjarnadóttir fyrir hönd kennara og Unnur Guðrún Rögnvaldsdóttir skólaritari fyrir hönd starfsmanna. Auk þess komu þrír nemendur skólans að vinnu við áætlunina, þær Helga Dís Magnúsdóttir, Guðrún Fema Sigurbjörnsdóttir og Hólmfríður Sturludóttir. Umbótanefndin hélt fjóra vinnufundi en auk þess unnu nefndarmenn í áætluninni á milli funda.

Menntamálaráðuneytið hefur kallað eftir áætlun um umættur fyrir 13. apríl 2016.

Fundi slitið kl. 11:50